




Uppgjör 3M 2025

Lilja Björk Einarsdóttir
Bankastjóri

Hreiðar Bjarnason
Frankvæmdastjóri Fjármála

Landsbankinn – stærsta fjármálafyrirtæki á Íslandi

Rekstrartekjur án virðisbreytinga



Samtengd þjónusta

Aðgengileg í appi, netbanka og um allt land



Útlán*

29,9%

Innlán**

37,8%

Heildareignir

2.257
ma.kr.

Eiginfjárhlutfall

23,6%

Lánshæfismat S&P Global

A-/A-2

Stöðugar horfur



LANDSBRÉF



Áhættumat vegna UFS-þátta



Lág áhætta

*Markaðshlutdeild í útlánnum lánaðum
**Markaðshlutdeild í innlánum innlánsstofnana
Heimild: Seðlabankinn, 28. febrúar 2025

Samstæðan stækkar og skilar góðri afkomu

Hagnaður 7,9 ma.kr.	Arðsemi eigin fjár 10,0%	Samsett hlutfall TM* 98,8%
Hreinar vaxtatekjur +3%	Hreinar þjónustutekjur +10%	Kostnaðarhlutfall 38,7%
Heildarútlán 1.813 ma.kr.	Heildarinnlán 1.244 ma.kr.	Eigið fé 314 ma.kr.

*Fyrsti fjórðungur hjá TM

Arðsemi eigin fjár á fyrsta ársfjórðungi er 10,0%, en vænt arðsemi ársins er á bilinu 10-12%.

Hreinar vaxtatekjur aukast um 417 milljónir á milli ára og eru 14,8 milljarðar á fyrsta fjórðungi. Vaxtamunur heimila helst stöðugur í 2,1%.

Hreinar þjónustutekjur hækka um 268 milljónir á milli ára og hafa aukist um 50% frá ársbyrjun 2021 með fjölgun viðskiptavina, fjölgun þjónustupátta, bættri skilvirkni og aukinni virkni viðskiptavina.

Tryggingar eru í fyrsta sinn hluti af uppgjöri bankans. **Afkoma af vátryggingum er jákvæð** en heildarafkoma er neikvæð vegna afkomu af fjárfestingareignum TM.

Rekstrargjöld hækka um 11% á milli ára og markmiði um **hlutfall kostnaðar af tekjum** undir 40% er náð. Aukning gjalda er einkum vegna samningsbundinna launabreytinga og vegna kaupanna á TM.

Hægt hefur á vexti **heildarútlána**, bæði til einstaklinga og fyrirtækja. Útlán til einstaklinga jukust um 2,2 milljarða og til fyrirtækja um 3,5 milljarða.

Aukin **fjölbreytni og hagkvæmni í fjármagnsskipan** bankans á fjórðungnum, með útgáfu AT1 skuldabréfa og víkjandi forgangsbréfa. Heildarinnlán viðskiptavina jukust um 15,8 milljarða.

Arðgreiðsla í lok fjórðungsins nam 9,5 milljörðum. Heildarfjárhæð arðgreiðslna vegna reikningsársins 2024 nemur alls 18,9 milljörðum eða sem samsvarar 50% af hagnaði.

Bankinn er með **sterka eiginfjárstöðu** og eiginfjárhlutfallið er 320 punktum yfir 20,4% kröfu eftirlitsaðila.

Stöðugt betri þjónusta

Ná markmiðum með því að spara í appi

67.600 viðskiptavinir spara í appinu

- 34% fleiri en á sama tíma í fyrra

12.600 spara með öðrum

- 41% fleiri en í fyrra



Opnuðum
öflugt útibú
á nýjum
stað í miðbæ
Akureyrar



Nýr
sparireikningur
í pólsku sloti
– sá fyrsti á
Íslandi



Í appinu er hægt
að panta öll kort,
breyta, loka og
velja að fá kortið
bara í símann

Fjölbreytt fræðsla um allt land



- Opinn fundur um persónuleg fjármál með stjórnanda og þátttakendum í sjónvarpsþáttunum Viltu finna milljón?
- Fjármálamót um lífeyrismál og netöryggi á Akranesi og í Vestmannaeyjum
- Fjármálamót um hvernig er hægt að byrja að fjárfesta





Alltaf fleiri Aukakrónur

Vinsælt og þægilegt fríðindakerfi

20
nýir
samstarfsaðilar

Fleiri
veitingastaðir
með 2f1 tilboð
og endurgreiðslu

Aukakrónusöfnun
+22%
miðað við sama
tímabil í fyrra

Aukakrónudagurinn 27. febrúar

Endurgreiðsla hækkuð í

20%

í sólarhring
hjá 43 samstarfsaðilum

71%

fleiri viðskiptavinir

160%

fleiri kaup

Aukakrónur

Frumkvæði og framþróun

Stuðlum að samstarfi og styðjum framkvæmdir

Vel heppnaður fundur um samstarf einkaaðila og hins opinbera með Samtökum iðnaðarins

Velta færsluhirðingar jókst úr **6,1** í **65,6** milljarða á milli ára

Umsjón með sölu og kynningu á skuldabréfaútgáfu NIB að fjárhæð **8,5** milljarðar

Útlán til fyrirtækja jukust um **8,7** milljarða á fjórðungnum

Nýr netbanki fyrirtækja einfaldar viðmótið og eykur öryggi

Vel sóttur hádegisfundur um stöðu og horfur á fasteignamarkaði



Pallborðsumræður



Hvernig fjármögnum við uppbyggingu innviða?



Ólaf Skaftadóttir
ráðgjafi og hlaðvarps-
stjórnandi, stýrir pallborði



Eyjólfur Ármannsson
samgöngu- og
sveitarstjórnarráðherra



Ólafur Sigurðsson
framkvæmdastjóri
Birtu lífeyrissjóðs



Sigurður Hannesson
framkvæmdastjóri
Samtaka iðnaðarins



Sigþór Sigurðsson
framkvæmdastjóri
Colas Ísland





Hagkvæm fjármögnun

Tækifæri nýtt til útgáfu á fyrsta fjórðungi

500

m. NOK

víkjandi
forgangsbréf

100

m. USD

skuldabréf vegna
viðbótar eigin-
fjárfáttar 1
(AT1)

1.300

m. SEK

víkjandi
forgangsbréf

1
útgáfa

Skuldabréfaútgáfa í dollurum til stuðnings eiginfjárhlutfalli og arðgreiðslugetu bankans til lengri tíma í kjölfar kaupa á TM.

2
útgáfur

Samkvæmt markmiði um hagkvæmni í fjármagnsskipan gaf Landsbankinn út víkjandi forgangsbréf í sænskum og norskum krónum, einn íslenskra banka.

Landsbankinn og TM

Betri saman

TM

- Landsbankinn tók við rekstri TM trygginga hf. þann 28. febrúar.
- Þrjú útibú Landsbankans og TM voru sameinuð 24. mars.
- Umsamið kaupverð samkvæmt kaupsamningi var 28,6 milljarðar en að teknu tilliti til kaupverðsaðlögunar er heildar kaupverð áætlað 32,2 milljarðar.
- Afkoma af vátryggingarsamningum á fjórðungnum er jákvæð en heildarafkoma með afkomu fjárfestinga er neikvæð.
- Fjöldi stöðugilda í samstæðu bankans eykst um 100 með TM.

Fram undan

1

Fjölbreyttari
þjónusta til
viðskiptavina

2

Sterk
samlegðar-
áhrif

3

Aukið virði fyrir
hluthafa
bankans





Stuðlum að farsælli framtíð

370 námsmenn
frá HA, HÍ og HR
heimsóttu bankann



90
sumarstörf
2025

Virkur
þátttakandi í
umræðunni og höfum
jákvæð áhrif
á samfélagið með öflugri
útgáfu á greiningum og
fræðsluefni

TikTok
Yfir 230.000
áhorf



Stuðningur
við starfsþróun

Nýsköpun í
bankanum kynnt
á Gullegginu

4 leiðir
til að
spara hraðar

**Lifandi
samféla
frumkvö**

Bakhjarl
nýsköpunar




Fjárhagsleg markmið og þróun lykilmælikvarða

Sterk fjárhagsstaða og skilvirkur rekstur

Arðsemi

Arðsemi eigin fjár



3M 2025 **Markmið**


10,0% ≥ 10%

Leiðbeinandi viðmið

Vænt arðsemi eigin fjár á árinu 2025 er 10-12%.

Skilvirkni

Kostnaðarhlutfall (K/T)



3M 2025 **Markmið**


38,7% ≤ 40%

Leiðbeinandi viðmið

Vænt K/T hlutfall á árinu 2025 er 32-36%.

Fjárhagslegur styrkur

Almennt eigið fé þáttar 1 (CET1)




3M 2025 **Markmið**

20,1% ≥ 18%

Leiðbeinandi viðmið

Vera í hæsta flokki fyrir áhættuvgið eiginfjárhlutfall eins og það er metið af lánsþæfismatsfyrirtækjum.

Eiginfjárhlutfall alls



3M 2025 **Markmið**

23,6% ≥ 22%

Leiðbeinandi viðmið

Innleiðing CRR III síðar á árinu mun leiða til nokkurrar lækkunar áhættugrunns bankans.

Markmið: Reglulegar arðgreiðslur verði um 50% af hagnaði fyrra árs





Rekstrarreikningur


Rekstrarreikningur

	3M 2025	3M 2024	Breyting	
Hreinar vaxtatekjur	14.800	14.383	417	3%
Hreinar þjónustutekjur	3.004	2.736	268	10%
Afkoma af vátryggingasamningum	270	0	270	
Hrein virðisbreyting	-331	-2.714	2.383	88%
Aðrar rekstrartekjur	1.417	3.156	-1.739	-55%
Rekstrartekjur samtals	19.160	17.561	1.599	9%
Laun og launatengd gjöld	4.465	4.233	232	5%
Annar rekstrarkostnaður	3.068	2.586	482	19%
Skattur á heildarskuldir fjármálafyrirtækja	671	600	71	12%
Rekstrargjöld samtals	8.204	7.419	785	11%
Hagnaður fyrir skatta	10.956	10.142	814	8%
Tekjuskattur	3.016	2.986	30	1%
Hagnaður tímabilsins	7.940	7.156	784	11%




Hreinar rekstrartekjur


Hreinar vaxtatekjur aukast um 3% á milli ára og hreinar þjónustutekjur um 10%




Hreinar vaxtatekjur



Hreinar þjónustutekjur




Meginvextir Seðlabankans og vaxtamunur




Rekstrargjöld

Rekstrargjöld hækka í takt við væntingar og stöðugildum fjölga með kaupum bankans á TM



Laun og tengd gjöld



Stöðugildi



Annar rekstrarkostnaður og bankaskattur







Efnahagsreikningur

Heildareignir

Kaup bankans á TM leiða til stækkunar á efnahagsreikningi samstæðunnar

	31.3.2025	31.12.2024	Breyting	
Sjóður og innstæður í Seðlabanka	98	130	-32	-25%
Markaðsskuldabréf	179	139	40	29%
Hlutabréf	38	33	5	15%
Útlán og kröfur á lánastofnanir	72	39	33	85%
Útlán og kröfur á viðskiptavini	1.813	1.807	6	0%
Aðrar eignir	57	34	23	68%
Samtals	2.257	2.182	75	3%


- Útlán til einstaklinga jukust um 2,2 ma.kr sem er að mestu vegna íbúðalána.
- Útlán til fyrirtækja jukust um 8,7 ma.kr. frá áramótum en vegna gengisáhrifa að fjárhæð 5,2 ma.kr. er heildaraukningin um 3,5 ma.kr.





Útlán og kröfur á viðskiptavini

Hóflegur útlánavöxtur, en vanskil einstaklinga og fyrirtækja eru áfram lág

Heildarútlán




Vandræðalán




Útlán til einstaklinga

Dregið hefur úr útlánavexti, en meðaltals veðhlutfall íbúðalánasafnsins er heilbrigt í 48,0%


Útlán til einstaklinga




Íbúðalán – endursetning fastra vaxta



Útlán heimila eftir lánsformum




Dreifing á uppsöfnuðu veðhlutfalli íbúðalána




Útlán til fyrirtækja

Hægt hefur á vexti útlána til fyrirtækja, styrking krónunnar leiðir til lækkunar á útlánunum í erlendra mynt


Útlán til fyrirtækja



Útlán til fyrirtækja eftir flokkun í áhættustig




Útlán til fyrirtækja eftir atvinnugreinum




Virðisbreyting útlána

Lítið um ný vænt útlánatöp á fjórðungnum og stendur virðisrýrnunarsjóðurinn áfram í um 0,6% af útlánasafni bankans


Virðisrýrnunarsjóður vegna útlána og krafna til viðskiptavina



Áhættukostnaður útlána



Rekstraráhrif virðisrýrnunar



Útlán eftir áhættustigum

	Bókfært virði brúttó		Virðisrýrnunarsjóður		Bókfært virði nettó	
Áhættustig 1	1.668.115	91,5%	2.477	0,1%	1.665.638	91,9%
Áhættustig 2	84.253	4,6%	2.225	2,6%	82.028	4,5%
Áhættustig 3	24.444	1,3%	6.121	25,0%	18.323	1,0%
Gangvirði	47.179	2,6%	0	0,0%	47.179	2,6%
Samtals	1.823.991	100%	10.823	0,6%	1.813.168	100%





Skuldir og eigið fé

Eigið fé lækkar vegna arðgreiðslu á fjórðungnum, en aðrar skuldir hækka vegna váttryggingarskuldar TM



	31.3.2025	31.12.2024	Breyting	
Skuldir við lánastofnanir og Seðlabanka	19	12	7	58%
Innlán frá viðskiptavinum	1.244	1.228	16	1%
Lántaka	544	529	15	3%
Aðrar skuldir	84	48	36	75%
Víkjandi lántaka	52	40	12	30%
Eigið fé	314	325	-11	-3%
Samtals	2.257	2.182	75	3%

- Innlán frá viðskiptavinum aukast um 16 ma.kr. frá áramótum.
- Lántaka hækkar um 15 ma.kr. frá áramótum en af þeirri upphæð eru áhrif gengis um 900 mkr. til lækkunar.
- Víkjandi lántaka hækkar um 12 ma.kr. frá áramótum en af þeirri upphæð eru áhrif gengis um 800 mkr til lækkunar




Innlán frá viðskiptavinum

Áframhaldandi vöxtur í innlánum heimila, en hægir á innlánavexti í heild





- Innlán frá heimilum aukast um 14 ma.kr. á fyrsta ársfjórðungi 2025 en heildarinnlán frá viðskiptavinum aukast um 16 ma.kr.
- Innstæður njóta forgangs umfram almennar kröfur við skilameðferð lánastofnana á Íslandi. Auk þess njóta samtals um 45% innlána frá viðskiptavinum ábyrgðar innstæðutryggingakerfis, samkvæmt lögum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta.




Lánsfjármögnun

Aukin fjölbreytni í fjármagnsskipan bankans með vel heppnaðri útgáfa USD 100 milljóna víkjandi AT1 verðbréfa á fjórðungnum


Sundurliðun lánsfjármögnunar



Útgáfa lánsfjármögnunar







Endurgreiðsluferill lánsfjármögnunar



Lausafjárþekja og fjármögnunarþekja

Lausafjár- og fjármögnunarhlutföll vel umfram lögbundnar kröfur




Eiginfjárkröfur

Eiginfjárlutföll vel umfram lögbundnar kröfur


	CET1	Tier 1	Alls
Stoð I	4,5%	6,0%	8,0%
Stoð II-R	1,4%	1,9%	2,5%
Lágmarkskrafa undir Stoð I og Stoð II-R	5,9%	7,9%	10,5%
Eiginfjárauki vegna kerfisáhættu	1,9%	1,9%	1,9%
Eiginfjárauki fyrir kerfislega mikilvæg fjármálafyrirtæki	3,0%	3,0%	3,0%
Sveiflujöfnunarauki	2,5%	2,5%	2,5%
Verndunarauki	2,5%	2,5%	2,5%
Samanlögð krafa um eiginfjárauka undir Stoð II-G	9,9%	9,9%	9,9%
Heildarkrafa um eiginfjárgrunn	15,8%	17,8%	20,4%
Eiginfjárlutfall alls	20,1%	21,0%	23,6%

- Samstæðan notast við staðalaðferð (e. standardised approach) við útreikning á eiginfjárkröfum undir Stoð I fyrir útlána- og markaðsáhættu. Fyrir rekstraráhættu notast bankinn við grundvallaraðferð (e. basic indicator approach).
- Staða samstæðu samkvæmt CRR er reikningsskilaleg samstæða Landsbankans, án dótturfélaga í váttryggingarstarfsemi.
- Pann 28. júní 2024 birti Fjármálaeftirlit Seðlabankans viðbótarkröfu um eiginfjárgrunn samkvæmt Stoð II-R og er hún nú 2,5% af áhættugrunni fyrir Landsbankann, en var áður 2,8%.
- Bankinn vinnur nú að innleiðingu reglugerðar ESB nr. 2024/1623 (CRR III) sem felur í sér breytingar á útreikningi áhættugrunns, sérstaklega vegna útlánaáhættu. Áætlað er að innleiðingin leiði til nokkurrar lækkunar á áhættugrunni bankans.

Heildarkrafa um eiginfjárgrunn sem hlutfall af áhættugrunni




Áhættuvegnar eignir



Lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar (MREL)

MREL-fjármögnun Landsbankans er vel umfram kröfur



- Nýjasta MREL-krafa skilavalds Seðlabanka Íslands til Landsbankans er frá október 2024 og er skv. lögum sú hærri af:
- Áhættutengt:**
 $2 \times (\text{Stoð I} + \text{Stoð II-R}) + \text{Samanlögð krafa um eiginfjárauka (CBR)}$
- Vogunartengt:**
 $2 \times \text{Lágmarkskrafa um vogunarlutfall (3,0\% af heildarmælistærð áhættuskuldbindinga)}$
- Skilavaldið leggur jafnframt á sérstaka MREL-kröfu um undirskipaða fjármögnun sem nemur 13,5% af áhættugrunni, sem hlutfall af áhættugrunni bankans, sem bankinn þarf að uppfylla frá og með 4. október 2027.
- MREL-krafa gagnvart Landsbankanum er 30,9% af áhættugrunni eða sem nemur 458,9 mö.kr. í lok mars 2025.
- MREL-fjármögnun bankans er samtals 565,7 ma.kr. í lok mars 2025, eða sem jafngildir 38,1% af áhættugrunni.
- MREL-krafa um undirskipan gagnvart Landsbankanum er 23,4% af áhættugrunni, eða sem nemur 347,5 ma.kr. í lok mars 2025.
- MREL-undirskipuð fjármögnun bankans er samtals 390,3 ma.kr. í lok mars 2025, eða sem nemur 26,3% af áhættugrunni.
- Tilskipun ESB um endurbætur og skilameðferð fjármálafyrirtækja (BRRD) var innleidd í lög á Íslandi árið 2020.
- Lágmarkskrafa um eiginfjárgrunn og hæfar skuldbindingar (MREL) er hluti af BRRD.
- Skilavald Seðlabanka Íslands leggur MREL-kröfur á Landsbankann sem kerfislega mikilvægt fjármálafyrirtæki á Íslandi (O-SII).

Arðgreiðslur

Stefna bankans er að greiða um 50% af hagnaði fyrra árs í arð


Arðgreiðslur 2025

Aðalfundur Landsbankans, sem haldinn var 19. mars 2025, samþykkti tillögu bankaráðs um að greiða arð til hluthafa vegna reikningsársins 2024 sem nemur 0,80 krónum á hlut og að arðgreiðslan verði tvískipt. Arðgreiðslurnar nema hvor um sig 0,4 krónum á hlut og var fyrri greiðslan innt af hendi þann 26. mars sl. en sú síðari verður innt af hendi þann 17. september nk. Arðgreiðslur ársins nema því í heild 18.892 milljónum króna.


Arðgreiðslustefna Landsbankans

- Landsbankinn stefnir að því að reglulegar arðgreiðslur til hluthafa verði að jafnaði um 50% af hagnaði fyrra árs. Í samræmi við markmið um eiginfjárlutfall er einnig stefnt að sérstökum arðgreiðslum til þess að auka hagkvæmni í fjármagnsskipan bankans.
- Við ákvörðun um fjárhæð arðgreiðslna verði tryggt að bankinn viðhaldi afar sterkri fjárhagsstöðu. Þannig verði tekið mið af áhættu í innra og ytra umhverfi, vaxtarhorfum og að bankinn viðhaldi til framtíðar traustri eiginfjár- og lausafjárstöðu og uppfylli lögbundnar kröfur um fjárhagsstöðu á hverjum tíma

Arðgreiðslur



Eiginfjárlutfall breytingar 3M 2025



Eiginfjárgrunnur	340,9	7,9	(4,0)	(9,1)	13,2	1,1	350,0
Áhættugrunnur	1.401,0		26,2	57,8			1.485,0




Viðauki


Efnahagssviðsmyndir vegna mats á væntu útlánatapi

- Greiningardeild Landsbankans útbýr sviðsmyndir með spám um mikilvægar hagstærðir.
- Myndirnar sýna lykilhagstærðir sem notaðar voru við útreikning á væntu útlánatapi fyrir áhættustig 1 og 2.
- Spárnar sýna meðaltalsgildi fyrir næstu 12 mánuði og út spátímann, sem nær til meðallangs tíma.
- Við útreikning á væntu útlánatapi er jákvæðu sviðsmyndinni gefið 15% vægi, grunnsviðsmyndinni er gefið vægið 70% og neikvæðu sviðsmyndinni er gefið vægið 15% (2024: 15%-70%-15%).


Hagvöxtur




Atvinnuleysi




Verðbólga




Meginvextir SÍ (sjö daga bundin innlán)



EUR / ISK



Íbúðaverð breyting milli ára



Kennitölur

	3M 2025	2024	2023	2022	2021
Hagnaður eftir skatta	7.940	37.508	33.167	16.997	28.919
Arðsemi eigin fjár eftir skatta	10,0%	12,1%	11,6%	6,3%	10,8%
Arðsemi heildareigna eftir skatta	1,4%	1,8%	1,7%	1,0%	1,7%
Heildareignir	2.257.092	2.181.759	1.960.776	1.787.024	1.729.798
Hreinar vaxtatekjur	14.800	57.197	57.559	46.464	38.953
Vaxtamunur í hlutfalli af meðalstöðu heildareigna	2,7%	2,7%	3,0%	2,7%	2,3%
Útlán í hlutfalli við innlán viðskiptavina	145,7%	147,1%	155,5%	159,6%	154,1%
Kostnaður sem hlutfall af tekjum (K/T)	38,7%	32,4%	33,7%	46,8%	43,2%
Rekstrarkostnaður í hlutfalli af mst. heildareigna	1,4%	1,3%	1,4%	1,4%	1,4%
Eigið fé samtals	313.698	324.649	303.754	279.091	282.645
Eiginfjárlutfall alls	23,6%	24,3%	23,6%	24,7%	26,6%
Eiginfjárgrunnur og hæfar skuldbindingar (e. MREL)	38,1%	38,2%	37,9%	40,4%	
Heildarlausafjárþekja	221%	164%	181%	134%	179%
Lausafjárþekja EUR (LCR FX til og með 2022)	1197%	951%	1499%	351%	556%
Lausafjárþekja ISK	106%	133%	129%	99%	120%
Fjármögnunarþekja	123%	124%	123%	117%	121%
Fjármögnunarþekja erlendra mynta	161%	143%	145%	132%	142%
Stöðugildi	926	822	817	813	816

	4F 2024	3F 2024	2F 2024	1F 2024
	10.600	10.787	8.965	7.156
	13,3%	14,0%	11,7%	9,3%
	1,9%	2,0%	1,7%	1,4%
	2.181.759	2.185.796	2.075.463	2.032.436
	13.107	14.955	14.752	14.383
	2,4%	2,8%	2,9%	2,9%
	147,1%	146,5%	151,4%	151,1%
	32,8%	30,7%	32,5%	33,6%
	1,3%	1,1%	1,3%	1,4%
	324.649	314.049	303.262	310.828
	24,3%	24,1%	24,4%	24,9%
	38,2%	35,5%	36,4%	39,6%
	164%	263%	177%	275%
	951%	666%	447%	950%
	133%	134%	159%	156%
	124%	121%	122%	127%
	143%	136%	138%	157%
	822	813	824	826



Rekstur

	3M 2025	2024	2023	2022	2021
Hreinar vaxtatekjur	14.800	57.197	57.559	46.464	38.953
Hreinar þjónustutekjur	3.004	11.405	11.153	10.623	9.483
Afkoma af váttryggingasamningum	270				
Hrein virðisbreyting	-331	-2.772	-3.120	2.473	7.037
Aðrar rekstrartekjur	1.417	13.873	8.256	-6.307	6.857
Rekstrartekjur samtals	19.160	79.703	73.848	53.253	62.330
Laun og launatengd gjöld	4.465	16.534	15.866	14.474	14.759
Annar rekstrarkostnaður	3.068	10.202	10.092	9.289	9.105
Skattur á heildarskuldur fjármálafyrirtækja	671	2.597	2.290	2.097	2.013
Rekstrargjöld samtals	8.204	29.333	28.248	25.860	25.877
Hagnaður fyrir skatta	10.956	50.370	45.600	27.393	36.453
Tekjuskattur	3.016	12.862	12.433	10.396	7.534
Hagnaður tímabilsins	7.940	37.508	33.167	16.997	28.919

4F 2024	3F 2024	2F 2024	1F 2024
13.107	14.955	14.752	14.383
3.337	2.690	2.642	2.736
-754	1.442	-746	-2.714
5.411	2.129	3.178	3.156
21.100	21.216	19.826	17.561
4.529	3.582	4.190	4.233
2.633	2.492	2.491	2.585
642	719	636	600
7.804	6.793	7.317	7.419
13.296	14.423	12.509	10.142
2.696	3.636	3.544	2.986
10.600	10.787	8.965	7.156



Efnahagur

	31.12.2025	31.12.2024	Breyting	
Sjóður og innistæður í Seðlabanka	98.284	129.981	-31.697	-24%
Markaðsskuldabréf	178.732	139.104	39.628	28%
Hlutabréf	37.964	32.644	5.320	16%
Útlán og kröfur á lánastofnanir	71.952	39.346	32.606	83%
Útlán og kröfur á viðskiptavinum	1.813.168	1.807.437	5.731	0%
Aðrar eignir	56.992	33.247	23.745	71%
Eignir samtals	2.257.092	2.181.759	75.333	3%
Skuldir við lánastofnanir og Seðlabanka	19.069	11.989	7.080	59%
Innlán frá viðskiptavinum	1.244.229	1.228.444	15.785	1%
Lántaka	543.628	529.150	14.478	3%
Aðrar skuldir	84.036	47.538	36.498	77%
Víkjandi lántaka	52.432	39.989	12.443	31%
Eigið fé	313.698	324.649	-10.951	-3%
Skuldir og eigið fé samtals	2.257.092	2.181.759	75.333	3%


	31.12.2023	31.12.2022	31.12.2021
	75.350	42.216	82.425
	148.182	125.265	150.435
	19.012	19.106	33.347
	54.101	28.621	47.231
	1.630.894	1.544.360	1.387.463
	33.237	27.456	28.897
	1.960.776	1.787.024	1.729.798
	29.968	6.634	10.425
	1.048.537	967.863	900.098
	513.687	476.864	486.042
	44.654	34.819	29.803
	20.176	21.753	20.785
	303.754	279.091	282.645
	1.960.776	1.787.024	1.729.798

Starfsþættir

1.1.2025 - 31.3.2025	Einstaklingssvið	Fyrirtækjasvið	Eignastýring og miðlun	Fjárstýring og viðskiptavakt	TM tryggingar	Önnur svið	Jöfnunar-færslur	Samtals
Hreinar vaxtatekjur	5.247	6.862	79	2.374	34	142	62	14.800
Hreinar þjónustutekjur	788	574	1.554	47	-	90	-49	3.004
Afkoma af váttryggingasamningum	-	-	-	-	270	-	-	270
Hrein virðisbreyting	-127	-200	-	-1	-3	-	-	-331
Aðrar tekjur og (gjöld)	-1	-382	-198	2.256	-534	277	-1	1.417
Rekstrartekjur (gjöld) samtals	5.907	6.854	1.435	4.676	-233	509	12	19.160
Rekstrargjöld	-1.852	-928	-651	-226	-65	-3.860	49	-7.533
Skattur á heildarskuldir fjármálafyrirtækja	-275	-147	-4	-243	-	-2	-	-671
Útskiptur kostnaður	-1.331	-974	-375	-498	-	3.178	-	0
Hagnaður (tap) fyrir skatta	2.449	4.805	405	3.709	-298	-175	61	10.956
Tekjuskattur	-692	-1.250	-299	-765	-49	39		-3.016
Hagnaður (tap) tímabilsins	1.757	3.555	106	2.944	-347	-136	61	7.940
Eignir samtals	936.232	865.303	15.472	787.613	57.633	21.743	-426.904	2.257.092
Skuldir samtals	867.683	721.510	11.483	726.033	25.807	17.782	-426.904	1.943.394
Úthlutað eigið fé	68.549	143.793	3.989	61.580	31.826	3.961	0	313.698

Fyrirvari

- Kynningu þessari er einvörðungu ætlað að vera til upplýsinga og skal hvorki tekið sem tilboði eða hvatningu um áskrift, kaup eða sölu á fjármálagerningum af hvaða tegund sem er.
- Upplýsingar í kynningu þessari hafa ekki verið sannreyndar sérstaklega. Landsbankinn ábyrgist ekki að upplýsingar eða skoðanir í kynningu þessari séu nákvæmar, sanngjarnar eða tæmandi.
- Í kynningu þessari kunna að vera áætlanir og framtíðarspár sem eru háðar ýmsum áhættu- og óvissuþáttum sem gætu leitt til þess að raunveruleg niðurstaða verði í verulegum atriðum önnur og sem gætu haft neikvæð fjárhagsleg áhrif á þau atriði sem fjallað er um í kynningu þessari.
- Landsbankinn ber enga ábyrgð á beinu eða óbeinu tjóni, hvernig sem það er tilkomið, vegna notkunar á þessari kynningu.
- Landsbankinn er ekki skuldbundinn til að uppfæra kynningu þessa, veita frekari upplýsingar eða leiðrétta villur sem kunna að koma í ljós.



LANDSBANKI NÝRRRA TÍMA